

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Vatnsveitu Hafnarfjarðar nr. 181

1. des. 1958 og nr. 172 21. sept. 1960.

### 1. gr.

13. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarbæjar, sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Sama er og um aðrar fasteignir, sem fá vatn úr vatnsveitukerfi Vatnsveitu Hafnarfjarðar.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hvernar fasteignar, þ. e. a. s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963.

Nú er fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, eigi virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn. Við ákvörðun vatnsskatts samkvæmt þessari málsgrein skal höfð hliðsjón af því, hvert líklegt fasteignamat myndi verða á eigninni fullfrágenginni.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkv. mældri notkun, verði því eigi við komið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkv. áætlaðri notkun.

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattskyldar eru skv. 1. mgr., skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.15% (0.15 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 6. mgr., skal vera kr. 3.70 á hvern rúm-meter vatns.

### 2. gr.

14. gr. orðist svo:

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og ber að greiða hann til bæjargjaldkera.

Þar sem aukavatnsskattur er ákveðinn, sbr. 2. gr., er heimilt að innheimta skattinn á 4 gjalddögum, í lok hvers ársfjórðungs.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögtaksrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. febrúar 1972.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*